

Elkem Ísland ehf  
Grundartanga  
301 Akranes



Reykjavík 8. mars 2016  
UST201508-127/E.D.K.  
08.07.02

### Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf, dags. 27. ágúst 2015 þar sem áformað var að áminna Elkem Ísland ehf. vegna þriggja frávikna frá starfsleyfi sem komu fram við eftirlit 28. maí 2015.

#### Frávikin eru eftirfarandi:

- Mánaðarlega er rykmagn metið útfrá framleiðslu þess mánaðar. Ekki eru gerðar mælingar eða útreikningar mánaðarlega til að ganga úr skugga um að mánaðarmeðaltöl fari ekki yfir starfsleyfismörk. Frávik frá gr. 2.5 í starfsleyfi.**  
Ekki hefur verið bætt úr frávikinu en það var rætt í reglubundnu eftirliti sem fram fór 9. desember sl. Þar kom fram að rekstraraðili telur vandkvæðum bundið að mæla útblástur eftir reykhreinsivirkið vegna lögunar og stærð útblástursopsins. Rekstraraðili kynnti aðrar hugmyndir til að meta rykmagnið og óskaði Umhverfisstofnun eftir að fá senda greinargerð um aðferðina svo hægt væri að leggja mat á hana. Greinargerðin hefur ekki borist og er fráviknið því enn útistandandi. Umhverfisstofnun vekur athygli á að mæliáætlun, sbr. gr. 3.1 í starfsleyfi er ekki samþykkt því Umhverfisstofnun telur framkvæmd mælinga ekki í takt við þau losunarmörk sem tilgreind eru í gr. 2.5 og 2.6 í starfsleyfi.
- Ársskýrslu eða yfirliti yfir greinar 1.4-1,6, 3.1, 3.2, 3.4, 4.1,4.3-4.5, 5.1 og 5.2 í starfsleyfi var ekki skilað fyrir samráðsfund. Frávik frá gr. 4.9 í starfsleyfi.**  
Umhverfisstofnun hefur nú þegar samþykkt að veita rekstraraðila frest til 11. apríl 2016 til að skila inn ársskýrslu.
- Ekki hafa verið gerðar útblástursmælingar í afsogsbúnaði frá aftöppun á ofni 3 (Samúel) og ekki er vitað hvort hann virki sem skyldi. Frávik frá gr. 1.3 og 2.4 í starfsleyfi.**  
Umhverfisstofnun fellst hér með á að veita rekstraraðila frest til 1. júní 2016 til að klára mælingar og koma með tímasetta tillögu að framkvæmd útbóta, sbr. áætlun rekstraraðila sem rædd var í eftirliti 9. desember sl. og fjallað er um í eftirlitsskýrslu sem send var rekstraraðila 10. febrúar sl.

Umhverfisstofnun hefur ekki borist greinargerð vegna fráviks er varðar mánaðarlegar mælingar ryks, sbr. gr. 2.5 í starfsleyfi. Umhverfisstofnun veitir Elkem Ísland ehf. áminningu, sbr. 26. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir fyrir fráviknið.

Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til að senda inn staðfestingu á úrbótum til og með 4. apríl 2016.

Sinni rekstraraðili ekki tilmælum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að upphæð 500.000 kr á dag þar til úr er bætt, sbr. 27. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þær aðgerðir yrðu þó áformaðar sérstaklega og boðið upp á andmælafrest.


Umhverfisstofnun bendir á að skv. 31. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Skal kæran borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laganna. Aðsetur nefndarinnar er að Skuggasundi 3, 101 Reykjavík.


Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni ofangreindra þriggja frávíka, sbr. bréf dagsett 27. ágúst 2015, 25. september 2015 og 8. mars 2016, verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 og er 59.500 kr.

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa samband við Evu Dögg Kristjánsdóttur í síma 591-2000 eða með tölvupósti á [eva.kristjansdottir@ust.is](mailto:eva.kristjansdottir@ust.is).

Gögnum og staðfestingu á úrbótum skal skila til Umhverfisstofnunar eða í tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is).

Virðingarfyllst

  
Sigrún Agústs dóttir  
sviðsstjóri

  
Eva Dögg Kristjánsdóttir  
sérfræðingur